

239

Stutt augrip

um

Fiski-veidar

og

Fiski-netanna tilbuning, brukan og nytsemd,

Ad miklu leite utdreged af Hr. Ströms Sondmørs Beskrivelse, en þo odruvis nidurradad, og nockru vidbætt.

Lentè felicius itur.

Prentad i Kaupmannahofn
Ar 1771. af P. H. Hoecke.

Til

det Høy-Kongelige Landhuusholdnings-Selskab!

Hvor ringe og ufuldstændig denne korte Afhandling endog maatte synes at være, saa mangle dog ikke grundige Aarsager, som

undskylde dens ved Trykken Bekiendtgiørelse;

Thi for det første skal den tiene til et allerunderdanigst Erkiendtligheds-Beviis og Erindringstegn for den store Naade, som Hans Kongelige Majestæt har baaren for Forfatteren og den af ham i Fior udgivne Afhandling om Kaal- og Urtegaarders Anlæg i Island, som ingenlunde skal eller bør forties.

For det andet: i Anledning af det ved Fiske-Garnenes Indførsel

udi

udi Havnefiorden meget fordeelagtige Fiskerie, have ikke allene Indbyggerne udi Isefiords-Syssel, men i sær mine Brødre sammesteds, hvor bemeldte Fangst, besynderlig inde i Fiordene, om Efterhøsten synes at kunde drives med al ønskelig Nytte, indstændig ombedet mig, at foreskrive og i en kort Afhandling lægge for Dagen Fiskegarnenes Tilberedelse, Brug og Nytte, med andet, som derved var at iagttage; hvilken deres Begiæring jeg med god Grund ikke kunde nægte, allermindst, naar jeg overveyede de mig

paaliggende Pligter, at befordre mine Medmenniskers Lyksalighed, saavel som betragtede Landets bequemme Beliggenhed, i Henseende til Fiskeriernes Fortsættelse, samt, at af en liden Gnist ofte tændes et stort Baal. Og tør jeg da med desto større Frimodighed underdanigst vove at tilegne **Det Høy-Kongel. Landhusholdnings Selskab** disse Blade, som jeg af egen Erfarenhed, og ved de i Trykken udgivne Priismaterier tydeligere er overbeviist om, at Det elsker saare høyt Fiskeriernes Op-

komst og tillige Nærings-Væsenet i Almindelighed, saunt besidder en udstrakt Kundskab om deres betydelige Nytte og Fiskens Anvendelse i Handelen. Desuden er jeg ikke lidet bestyrket i mit Foretagende af en Dets værdige og høyt oplyste Medlem, som paa Dansk haver læst Afhandlingen igiennem, og holdet for, at samme med Tiden kunde udvirke noget fordeelagtigt.

Hvorfore jeg underdanigst haaber, at Det Høy-Konge-

lige Selskab tilgiver min Dristighed, som med største Ærbødighed forbliver

Det Høy-Kongelige
Landhuusholdnings
Selskabs

Kiøbenhavn,
den 6 Martii 1771.

underdanigste og ydmygste Tiener
Olaus Olavius.

Fyrsti Capituli.

Nokkrar almennilegar Reglur um Fiski-veidar yfir hofud.

§. 1.

Alls haattar Fiska-kyn helldur sig dypra vetur enn sumar, og er Solin tekur ad hæcka a loptinu gengur Fiskurinn ætid grynnra. Her af fylgir þa ad betur aflaz nærri landinu vor og sumar enn um veturnar.

Hin næsta og naatturligasta orsok til þess at Fiskurinn gengur dypra a vetrum, syniz at vera kulldi og orolig vedraatta, sem kemur honum til at leita skiols og hælis um þann tima i diupun-

um. Það er víst, at bæði lax og silungur helldur frá landinu þá fyrst leggur snio á fiöll, og þykir þo bændum þessum Fiskum vænt um allslags glampa, sem litill edur eingi kulldi stendur af, hvar að utlendir hafa og vel gefið gætur, og fundið uppá að slá saman bord við flædar málid, borid þar á krit eda kalk, og ginnt með því bragdi Fiskana i netin framan ur diupinu. En her til má svara, að undir hafsis liggi bæði þorskur og flydra að iafnaðe, hvar mestur kulldi syniz að vera; en orsökin er su, að bæði er þar volegra og meiri birta, enda gætir ei svo mikið kullda við isinn sakir sio selltunnar.

§. 2.

Að halldfæri og i netum fiskaz iafnan betur með flodi enn fiöru, og með adfalli betur enn utfalli.

Þesse

Þessi Regla er svo almennilig i Norege, at eingi getur henni motmæli veitt, og leidir Hr. Ström vok til þess, ad Silid (Nordmenn kalla Sølvfisk, Danir Tobiis, en Klein i sinni Histor. Nat. Pisc. miss. 4. pag. 55. Encheliopum, in dorso efflavo cærulescentem) er Fiskurinn sækir oakaft eptir, stingi ser nidur i sandinn um fioruna, en komi upp aptur um flædina, og fari þa Fiskurinn ad nyu a kreik til ad veida Silid.

I Islande þar a mot fiskaz best i strauma skiptum, þad er þegar vel er teked adfalli og utfalli; maaske þess vegna, ad Fiskurinn sem hvilir sig i liggiandanum, þa straumarnir eru hvad minstir, fa ad nyu lyst og krapta at sækia eptir fædumni, er þeir vaxa; þvi lika sem madurinn vidurkveykiz af ferskuloptí, eins endur-lifgaz Fiskurinn vid ser hvern vaxanda straum. Ad Smaafiskurinn

rinn (sem aavallt gengur grunnt uppa fludur og flogur) fiskaz betur med flodi enn fioru, kemur aan efa þar af, ad aa sioavar botninum er þaa mikid dimmra enn med fioru, og getur því sidur varaz aungulinn.

§. 3.

J sunnan aatt fiskaz betur bæde i netum og aa halld-færi enn i nordan.

J Noregi er þessu svo haattad; því i sunnan-aatt er himininn optast þakinn skyium, og siorinn ohreinn og korgugur, so fiskurinn naair ei ad taka sér eins vel vara sem i skir-vidrum. Og maa her af raada, ad myrkrid velldur því at betur fiskaz aa lodir i nætur-enn daglegu. En þott nu bædi se dimt upp-yfir og siorinn gruggugur vid Island i sunnan- og vestan-aatt; þaa sannaz þar ecki þessi regla, allrasist i Isafiardar syslu. Þad er og merk-

merkilegt, ad i þvi heradi veidiz miog sialldan Hoakall, þo beitt se hinum girniligasta blod-sel i vestan- og sunnan-oatt; en med nordan vindi bregdur optast vid. Hver moa vita nema Hoakallinum se eins farid og sumum land-dyrum, sem missa ad mestu alla matar-lyst, en eta aptur þvi meira er tekur ad kolna.

§. 4.

Allslags fiskar sœkia moti straumunum og veidaz best þar straumar eru: moaske sokum þess, ad þar er hreinna vatn, og meiri fœda fyrir Fiskana enn annarstadar. Þo undantakaz her rastir, hvar Fiskinum mun varla vært, nema i liggianda, og miklu sidur nockru skipi sœtt.

Annar Capitule.

Um Halldfære, Lodir, og þeirra brukan.

§. 1.

Í Norege tidkaz fernſlags halldfære, er þar kallaz ſvo. 1) Troe edur Potte troe. 2) Dorg. 3) Va edur Hyſe va, og 4) Diups aagn.

1) Med þvi fyrſta ſlags halldfæri (Potte troe) fiſkas ſmaa-ludur og onnur þeſs haattar kvikendi, er ſkrida uppi landſteinana, og eru þaa fiſkimenn ſem optaſt ſtaddir aa ſtrandbryggiunum, edur i Fiorumaalinu, þar ſem ad-dypi er, og renna færinu nidur fyrir. Þeſſe maate mun trautt notaz aa Jslande.

2)

2) Dorg er ad siæa æa fyrstu Toblunni Fig. 1. hun er sniuin ur upprsktum notgarns vidu þætti og ridnum tauni med dæalitlum nettum aungli æa endanum, en blylods korne upp betur. Færid er undid uppæa ferhyrnda tre-grind, sem glogglega siez af æadurgreindre Mæalverks Toblu til þess þad funi þvi sidur og renni betur ur hendi. Þetta veidar-færi brukaz einkanliga til ad draga æa Þyrskling og Silung upp um is-vakir æa veturnar.

3) Va edur Hyse va er medalmæata digurt færi med tveimur aunglum og tresþitu æa millum ad hallda þeim hverium fræa ødrum. æa bæda aunglana fiskaz opt i einu Jsa og Stutungur, þar ei er miog diupt. Stendur þetta veidar-færi mælad æa fyrstu Toblu, Fig. 2.

4)

4) Su þridia Figura á Fyrstu Toblunni vísar þad svo kallada **Diups aagn**, sem er hundrad fadma á lengd, med storu blýlodi edur vad-steini nær því á endanum. Taumurinn med aunglinum stendur á sniid i sionum stifur, og getur því alldri flækst um færid. Um spadann á aunglinum og upp um tauminn ad nedanverdu er vafid med lóatuns vir, edur hulinn med arnar fiodrum, svo hákall og flydrur gete ei skellt af aungulinn. Med þessu sem ódrum halldfærum skal takaz veniulegt grunnmáal. Stundum ridur madur þeim svo kallada **Hyse vid á Diups aagnid** ofan til vid vadsteininn, og taka svo þrir fiskar i einu, ef til vill, á þetta veidar færi fiskaz mest sprokur, laungur og hákall.

§. 2.

Lodir eru og einnig brukadar i Norege, ein-

einkum eptir þad hætt er ad fiska med netunum, og finnz eingi munur á þeim og i Islande, utan sá alleina, ad fiarda lodirnar eru miorri, enda fiskaz ekki annad á þær enn birar og beitna-lour.

Þridie Capitule.

Um Fiski-netin.

§. 1.

Adur enn Þorska netin voru upptekin i Norege, brukudu menn halldfæri, þo opt og tidum forgefins; því hinn feitasti fiskur villdi ekki finna beitumni: toku menn þá medal annara þad ráds, ad veida med slædu á næturnar. Og sem þessi adferd lukkadiz helldur ekki, var byriad ad rida allshaattar Fiska-net, og er þeim þannig haattad sem fylgir.

§. 2.

§. 2.

1) Silldar-net eiga ad vidaz af tvinnudum hampi: moskvarnir skulu vera aa hvern veg haalfur annar þumlungur. Menn leggia þau tidast fyrir framan annes, þar straumurinn er mestur og hellst von aa Silldinni.

Ad þetta Fiska kyn *) halldi sig og undir Islande, þott ekki hafi veidt verit i voru minni, verdur eigi neitad; því bædi er þad ad sioa inni aa Fiordum, lika og stadfestiz su meining af þeim, sem skrifad hafa um Island, aa medal annara Borgmeistara Anderson, sem ad visu er sannsogull i þeirri grein, þar hann kved-

ur

*) Halec s. clupea maxilla inferiore longiore maculis nigris carens Arted. Gen. 7. Synon. 14. Sp. 37. Harenæus Aldrovando, Rond. Gesn. Jonston. cæt.

ur svo ad orde: Hvad Islandi vidvikur, þa veit eg vel, ad allir Firdir eru svo fullir af Sild, hvar af sumar eru 3. qvartel a lengd, og 3ia fingra a breidd, ad ef Innbyggiarnir væri ekki fatækir, þa kynni þeir kaupslaga þar med, og abataz meir enn minna. Hvad Sildar-verkanina snertir, þa ma þess her geta, ad su Hollendska tekur odrum framm, þess vegna at þeir skera Sildina strax a hals lifandi, afhreystra, taka rækinn ut, og sallta sidan nidur i eikar-tunnur med storu Sponsku edur Portugisku Sallte, hvar i adrar þiodir ekki eru svo nærgætnar. Pad hefir verid meining manna, ad Sildin lifdi i straumunum vid sioar slinid alleina; en Prof. C. Günther Ludwig getur um i hans svo kallada Kaufmanns-Lexico 3ter Theil, ad vid Skotland, England og Frackland, siaiz smaa-

pod-

þoddur i sionum, sem þessi mikll fiolldi nærir vid. Þeir sem girnaz ad vita meira um Silldarinnar upptok, gang i hofunum og edlis hoatt, mega lesa oadur greinds Borgm. Andersons Efterretninger om Island pag. 48. 49. seqq. samanbornar vid J. Hübners Handlungs-Lexicon pag. 958. oaminst Ludwigs Kaufmanns-Lexicon 3ter Theil p. 343. og von Aphelens Natur-Historie Tom. VII. pag. 146. seqq. Hverr sidste getur medal annars i greindum stad, um Yarmouths innbyggiara i Englande, ad þeir slægi Silldina strax, sallti nidur i tunnur, loati hana svo liggia tvo daga, taki sidan uppur aptur, hengi upp i elldhus og kyndi undir henni med tresponum fiordu hveria stund i fullar 6. vikur, ef hun skal utanlands flytiaz. Abatinn af þessari veidi er loangtum stærri enn nockurr okunnugur mundi trua; og þvi

væri óskande ad hun være ei svo miog vanrækt.

§. 3.

2) Kolanet eru mikid storridnari ur tvimudum notgarns vidum: moskvinn er a hvern veg 2 og mest $2\frac{1}{4}$ þumlungar: Kubbateinninn, er fastur giorr med hnut vid sinta hvern moskva; því þat getur neted dregiz saman i poka, og Kolinn því helldur adnetiad sig. Þau leggiaz nærri landi a leirum og sandgrunnum.

Sprokurnar *) eru ad sonnu ekki keyptar af þeim Donsku dœanumonnum sem

*) Sprøku kynid kallaz af Linnæo Plevronectes, og eptir tegundanna mis-mun fær þad sin auknefni, svosem Limanda, Rhombus, cæt.

sem koma til Islands; þo maa bædi raada af Pontoppidans Atl. Dan. pag. 649. ad þær eru sluttar fraa Fanse, og selldar i Hamborg; sem og af von Aphelens Natur-Historie Tom. I. pag. 486. ad Flydrurnar, sem fiskaz i Austursionum vid Russland og Liland eru etnar elldhus-haangnar, og ei sidur utgengiligar enn adrar vorur. Norskir borda ryklinginn herdtan, en gera drykkiar blandssupu af Kolum, Brosinum og Ludum.

§. 4.

3) Lyregarn er vidlika aasig komid og Þorska-netin, hverra sidar mun getid verda utan moskvarnir eru 1. þumlungi minni aa hvern veg. Þar i veidiz bædi upsi og Þorskur, og maa leggiaz vid Skeria grynningar.

Þetta net hefir sitt nafn af þeim Fiski er i Norege kallaz Lyre, og er næsta

ſta likur Upſanum, en þo ei ſami; þvi Linnæus kallar hann Gadus trypterygius dorſo vireſcente. Sioa hans Syſt. Nat. Edit. 10. Tom. I. pag. 253. en Lyrenn er Kleinio Callarias dorſo ſordide vireſcente Miſſ. 5. pag. 8. Arted. Gadus dorſo tryp-terigio imberbis, maxilla inferiore longiori, linea laterali curva Gen. XVI. ſp. 3. aa vorin fiſkaz Upſinn einneigin hopum ſaman i Norege, þaa hann vedur uppi og leikur ſer vid Silid, og þad med þeirri ſvo kolludu Sække noed, ſem þeir ſokkva nidur fyrir ſolarhringinn, og draga ſvo upp alla þvoguna; þvi fiorir ern baatarnir, og helldur ſinn i hvert horn. Upſinn er bordadur bæde hardur, blautur og ſalltadur; en af lyſinu hafa Nordmenn meſtan aabata. Þad er ad ſkilia ſem þeſſi Fiſkur ofmata vilie ei taka beituna, og þvi fiſkaz ſvo litid af honum i Islande, en være neten tidkud, munde

betur

betur fara, eptir því hann gengur idugle-ga inn á firdina ad hausttdögum med Silinu.

§. 5.

4) Aurrida- edur Silunga-net eru eins ásig komin og Silldar-netin, utan möskvarnir eru hálfu stærre á hvern veg. Þau leggiaz vid ár og lækiar munna, því vid-ast hvar vatn fellr til sioar, er Sil-ungurinn viss. Vorpurnar edur þau svo kölludu drattar-net mega menn rida af tvinnudu hálfalde med tveimur edur fleire háfum á, sem eru tilsyndar eins og pok-ar, mioer í annan endann.

Mögulegt er ad reka Siobirtinginn bædi í lag-netin og vorpurnar, og bægia honum framan úr fiodunum med litlum

malar-

malarsteinum, sem menn gryta i sioinn: Milli skipsins og landsins skal vera svo langt at Silungurinn geti vel tekid sundid; madur maa og alldri roa svara enn svo at hopurinn se ca barka-raung framan, svi fari baaturinn fram lengra, hleypur hann cavallt til baka; somuleidis ef malarsteinunum er kastad midt i flokkinn og ecki svert ut ca land-borda: svi se alls hessa gætt, er Silungurinn svo leidi tamur eins og rekim se fiaar-hopur, allt til hess hann kemur i bugtina ca vorpunni, og hegar svo er komid, rær baaturinn ad heim dypri enda, og dregur i land med mesta snarrædi, en sea sem er tilsettur i fiorunni, ver Silungnum, kastandi malarsteinum i sioinn, ad hverfa til baka. I einum drætti veidaz opt tvo og hriu hundrud, stundum meir, stundum minna.

Hormulegt er til ad vita, hversu hesse Guds gaafa er vanrækt og litils

metin i Islande. Fyrst i minu ungdæme helldu menn, þau Firdirnir voru allir i einu spordakasti, ad þetta være nar-flær og sioar-þoddur, og þot raun gæfe vitni i morg ar, ad oll þesse fœdæme var þo reyndar Silungur, er veidin samt at nyu nidur logd og eingis metin. Þegar þesse fiskur ad geymaz til ad veturnar, mun ei ovœndlegt ad fletia hann, brytia, sloa sallti i sœrid, og setia stykkin nidur ad enda i Kvartelin. Neidar og Sio-birtingur hallda ser verr enn hœngur. Linnæus segir, ad hin besta beita fyrir Silung seu flugur, hvar eptir hann sœki svo niog, ad han hlaupi uppi bœtana sem verda a vegi fyrir.

Silungurinn er heilnœmare enn Laxinn, einkum fyrir siuka menn; þvi hann mellriz, fliotara i maganum, og er styrkiande, en hinn þar a mot strembinn, og eykur þyngsle i kroppnum, nema madur erveide nokkuru sidar. A sama hœtt

sem

sem Laxinn, gytur Silungurinn og hvognum i aanum, hvar hann sialfur hefir buid fylsteni fyrir.

§. 6.

5) Laxa-netin eru fiorutiu fadma aa lengd, en fiogra edur fimm fadma breid, og moskvarnir adhvern veg her um hialfur fimti punlungur.

I Hvit-aa fyri sunnan Skaalholt veidiz Laxinn i netum aa pennan haatt: Madur leggur netid pvert yfir um aana, og lætur straumin bera nidur eptir, en tveir andæfa aa baatnum, svo hann fare ekke fliotara enn neted, sem liggur uppaa penna maata keip-rett yfir um aana, pangad til Laxinn kemur i. Baaturin er dreginn aptur upp eptir aanni hvert sinn, og er pad lett ervide ef hafoar eru taugir aa baadum stofnum. Se aain svo grunn ad ekke flioti skip eptir, stendur sinn mad-

ur ad hverium bakka, og helldur i togin, en laata strauminn bera netid nidur eptir. Bere svo til ad bad verde fast vid stein eda hnaus i aanne, bad skulu menn varaz ad laata baatinn vera flatan vid straumnum; bvi annadhvort neydiz madur bad til ad sleppa netinu ellegar bad rifnar, edur og i bridia lage ad baturinn fer um koll; en fari hann strax i fram-stafninn er helldur i toged, reynir minna ad netid, og verdur helldur lidkad ur festunni, ef baturinn er rett upp yfir.

I Hellir-aanum sydra veidiz Laxinn i kistum, sem alkunnugt er, en hvernig bær eru tilbunar, mun sumum vera oliost, og bvi læt eg kistuna afmaalada siaz ad annare Toblunni Fig. 2. eins og eg hafdi vit ad eptir ad taka 16 vetra gamall. Hun er gior af spirum brihyrnd, gisin, svo vatnid naai ad renna inn um ad allar sidur: nedan til forstreymis bar a. stendur,

er

er kringlott hola fyrir Laxinn ad ganga i gegnum, en þar sem b. c. finnaz hiaa ritin, er ekki annad enn sviga-brot edur tongar, sem gefa sig ut þoa Laxinn smygur inn, liukaz sidan saman aptur, og varna honum utgaungu, enda leitar hann og hellst aa vid baadar hlidarnar. Hornid d. snyr aa moti straumnum, en ut af hinum, er hladinn gardur af grioti þvert yfir um aana, sem stydur og helldur kistunum fostum. Aa sama hatt helld og mætte veida Silung i litlum vatns-follum ef kisturnar væru forsiaalega giordar og lagadar efter Fiskanna Stærd er skylldu gaanga þar i.

Þad sem i Norege kallaz Sloe, syniz ad vera vidlika og greindar Laxa-kistur, þvi undan teknu, ad i hinum veidiz Laxinn best i uppgaungu, en i þessum þoa hann fer nidur. Og sama er ad segia um þad svo kallada Kiær edur Elfekiær,

hvar i veidiz ad sama hætt: er ad skop-un sem simm-hyrndur bolle. Auk þessara eru og i Norege adrar veide brellur, svo sem til dæmis Lyster ean efa sama og Islendskt kalla liostur, það er giort af ýrne med finum greinum og ognsoldum ad hverre, sett uppi lan-ga trestaung. Med þessu verkfære sting-ur madur Laxinn ad nottunni, en annar vedur ad undan i eanni med logandi blysi, og lysir hinum sem staungina hefur, ad hann sieai hvar Laxinn liggur. Verk-færid má sia afmælad af þeirre fyrstu Figuru ad annare Toblunni. En fleira um Laxa-veidina er ad lesa i von Aphelens Natur-Historie Tom. V. p. 70. seqq.

Fra Juny mánadar byrian til midt i Julio er Laxinn alltid feitastur, því þa taka blandu fiskarnir fyrst ad giota, enn hinir hvotu endurnæra og lifandi giora hrognin med miolkinni, og leggia

þan-

þannig af, sem nœttúrlegt er. Sumir hengia Laxinn ætíd salltadan í eldhus, og kynda undir med eini edur birki í hálfan mœnud, einu sinne á dag tvær stundir samfleytt: adrir borda hann vindherdtan, og nokkrir salltadan nidur í tunnur, afvatnadan og sodinn. Um tilbuning á Randerskum Speike-lax, (sem er halldinn odrum betri) hefi eg lesed í Pontoppid. Atl. Dan. þetta fylgiande: Þad bued er ad slœgia Laxinn, afhofda, fletia og taka vid-beinin ur, nua menn hann upp ur sallte, leggia undir sarg í 3. daga, spita sidan ut, og hengia kringum veggina inni hiá vinnu-folki. Þad Laximi hefir þannig hángid í nockra daga, sioda menn hann á Fronsku vini med smiori, og þykir þá ágœt fœda. Því betur speikiz Laxinn sem lengur hángir.

C. G. Ludwig skrifar í sínu minstu Kaufmanns-Lexico 3ter Theil

pag. 1043. seqq. ad Laxinn veidiz noaliga i ollum løndum sumstadar best a veturnar, og se þvi feitare sem nordar kemur. Haungurinn er, segir hann, med hvitum raukum, og er bestur til sods glæmyr, en helldur ser ekke i sallttinu. Annar Lax er þar a moti godur bæde reyktur, herdtur og sallttadur, einkum ef innifliin eru strax uttekin, høfudid skorid af og haun liggur svo mattulega lengi i sallttinu. Þad er kenne-teikn a godum sølltudum Laxe, at hann se raudur i saared, þegar hann er tekinn uppur, og þurfa þa tunnurnar ad vera vel bendtar, svo þær halldi sallt-leginum. Þad synir enn framar, segir þessi mikli madur, sem Laxinn giori ser til erindis upp i arnar ad giota hrognunum, hvar

hvar hann grefur holur undir bøk-
kunum, leggur þau þar i og hylur
med sandi, svo straumurinn gete
ekki fært þau æ flot, edur ad
neinu grandad. Æ Islande verda
menn þo varir vid, ad Laxinn gengur
hrognafullur aptur fram ur æanum, og
gytur mæske strax er hann kemur i sioinn,
þvi flestir fiskar adhyllaz landid, þæ komid
er ad þvi starfe.

§. 7.

6) Þorska-netin eru ad minum
domi þau sem oss mest umvardar, ridin
ur sterkum notgarns vidum, med
fiogra til hælfs fiunta þumlungs
mosk̃vum æhvern veg, en þegar
lagt er fyrir smæ-Fisk er aud-rad-
ed ad mosk̃varner þurfa ad vera
minne: Netid skal vera æ lengd
tuttugu fadmar, og fiuntan mosk̃va

diupt: á hverutveggia iadrinum skulu vera sterkir teinar ur Donskn snæri, og hvendir birkiedur selju-kubbar (Salicis capreæ) þriggia qvartela langir og tveggia fingra breidir, med álnar bili milli hvers á hinum efra, er varna netinu ad sockva til botnsins med sllu: vid nedri iadarteinum festaz kliaxir eins og á Sela-not.

Af þess hattar Fiski-netum brukaz tuttugu og siogur i senn bundin saman á endunum. *) ádur

*) Pad er ecke langt sidan Norsker toku upp tvøfalldt lengri, fimm møskva breidare net, og med stærre kubbum, enn ofar var greint, hver einnig eru profud ad vera bezre, einkum þar sem botninn er diafn; Þorskinum veitir og bægara ad sminga i gegnum þá þau eru ei opt skeytt saman á endunum.

audur en farid er ur landi skulu þau leggiaz snyrtiliga nidur i skipin, ad kubbarnir liggi allir hverr ofan a odrum og kliaurnir fyrir sig: Finm manna før þykkia mattuleg til veidarinnar: bædi ut til hafs og inn a fiordum mæa leggia netin, þad er ad skilia a vissum fiskinidum, ef frea er farid: a baudum endum er krake, nidristada og dufl; krakinn er giørr af sialfvoxnu tre, ad skapnade sem klafe, med tveimur flaugum, og þungum steine imman i. Siez þetta allt afmæalad a fyrstu Toblu Fig. 4. Netin mega liggia nott og dag inn i fiordunum, en i rum sio a hafinu snuiz þad stærsta vogan: Þvi meira sem fiskaz i netunum, þvi lettara fellur ad draga þau upp, og skal

alltid læta ſlaka nokkud til þæ baturinn ris æ baarunum, annars er hætt vid ad eitthvad bile: ſæ ſem dregur ſtendur i ſtafninum, tveir andæfa en einn tekur fiſkinn ur netinu og lætur aptur i rumin: medan verid er ad greida, liggur baturinn vid litid akkeri, ſem maalad er æ fyrſtu Toblunni Fig. 5. og leggur ſidan ur barkanum aptur, ſem æadur er ſagt. Þetta varar ſvo lengi vedrid er gott, en kome illvidri uppæ, ſem ſtandi lengur enn tvo daga, er hætt vid ad kliæirnir loſni, ok netin reki af midinu, hellſt ef logd eru æ fimmtugu edur ſextugu diupi, en ſøkkvi ef misdypi er undir, hvar þo er meſta fiſkivon. Þeir ſem ætla ſer ad æbataz til gagns af neta

brúk-

brukaninni, mega hafa þau til skiptis, og leggia sin hveria viku, annars verda kubbarnir vatns-ofa, og netid sokkur med ollu.

Sidan Porska-netin voru fyrst upptekin a Sunnmæri, eru her um atta tiu ar, og sa allra fyrsti sem byriadi þar med, var kaupmadur nockur ad nafne Claus Nielsson, hver ed eptir Hr. Ströms vitnisburdi hefir audgad sitt Fodurland med miklu meiri femunum, enn nokkrar tunnur gulls eru verdar; og siez þar af lioslega, hversu nytsamlegur þess hattar veidiskapur er. En þot bannad se ad bruka Porska-net a almennum fiski-midum i Norege, saker þess ad a medan þau eru legd, fiskiz hvartgi a lodir ne halldfæri, en saatækir se ei megnugir ad leggia ser til svo dyr veidarfæri, sem almennt kosta einn Rikisdal og eitt Mark, en med hverium baat þurfa sextiu, ef þau eiga ad vera til skiptis, og brukud i þriu

aar, gera her um aarlega tuttugu Rixdali i uppaakostnad; samt sem adur pykir petta næringar medal omissande; pvi bædi er veidin med netunum vissari enn siu aa halldfæri og lodir, par madur i medalmaata fiski-aari maa vænta eptir einu, tveimur, og iafnvel primur hundrudum i hverri legu, af peim besta og feitasta porske, sem annars ecke fiskaz aa halldfære og lodir fyrr enn hann er ordinn horadur; lukkaz og sialldan svo illa ad kostnadurinn verdi ei rikugliga uppunninn, nema pvi stærri missir falli til; enda eru og lodirnar i raun og veru utdraattar meiri. En pad, ad fiskurinn firriz pær stodvar hvar netin liggia, er ekke satt, utan maaske par sem firdir eru hvad miostir: pvi bædi fiskaz aa lodir og halldfæri aa samu midum adur og eptir. Hvad hinu vidvikur, ad af pvilikri veidi orsakaz kif og prætur milli fiski-manna, stendur ei helldur aa fostum fotum, utan netin

seu

seu ofmorg og rumid oftitid, sem og skedur med loda-farinu, þoa lodirnar koma saman, og er þoa Yfir-valldsins skylda ad skera ur moalum til hins besta, og stilla svo til ad farkad verdi netum. Hr. Ström telur med þeim hellstu og serlegustu orsokum, sem hindra kynni Norska-netanna brukan, ad menn geta ei hirdt allan þann Fisk, er þar veidiz i; en i Islandi þarf ei slikt ad ottaz ad svo komnu. Norskir leggia annars þegar svo ber til fiskinn vid stiora fyrir framan landit fra einum degi til annars, sem þar vid tekur minni skemdum, en verdur þo lettari i vigtinni. Af framan sogdu ma audvelldliga raada, ad Fiskinetanna brukan er yfrid nytsom og naudsynleg, ei sist til ad fiolga folkinu vid þetta næringar medal, helldur og margra annara orsaka vegna, sem Hr. Landfogeti Skule Magnusson hefur vel adgætt og i huga haft,

þaa hann fyrir nockurum aarum med eigin kostnade keypti og innfærdi fra Norægi umtolud þorskanet, sem med æskelegum framgange hafa sidan af hans tilstilli i Hafnarfirdi tidkaz; Er hann her fyrir af ollum sinum landzmonnum godra þacka verdur. En hvar helst aa Islande annarstadar edur og hvart yfir allt þau skylldu innfæraz, kennir reynslan best og vitsmunir þeirra sem med eiga ad fara og yfir ad segia. Aa Vestfiordum sem mer eru best kunnir, veit eg vist menn kynni ad færa þau ser til mikilla nota, einkum aa sumurin ok haustin, þaa fiskurinn hleypur inni fiorduna. Þaa somu meining hefi eg um nætur sem leggiaz mættu fyrir vodu selinn, þaa hann, sem allkunnugt er, rydur ser inn aa diupid og fiorduna morgum þusundum saman, en eingum verdur ad gagne; þvi mogulegt være fyrir nokkra velmegande bændur i fyrstunni,

med

med Syſſlumanna tilſtyrk og umſion, ad loata riſa eina ſextuga eda iafnvel hundrad fadma langa not ur Donſkum ſnærum, (Compagniet ſyniz ekke ofgott til ad loana og lida landzfolkid nokkura ſtund um þeſshoattar vorur, ſem beggia gagn mætte verda undirkomid) og leggia hana þvert yfir fiorduna fyrir Selinn med dufli oa boadum endum, ſem allraſiſt oa noattar þele gæte teked ſer þar fyrir vara: moaſke Selurinn girntiz og helldur oa lioſum dege ad koma nærr notenne, ef riukande mod-kiſtur være feſtar vid notar teinana, þvi þad er alkunnugt, ad Selurinn er bædi nyiunga-giarn og adhylliz reykinn. Viſt er þad, ad nordanlanz i Huſavik, ok vidar annar ſtadar, veidiz Vodu-ſeluriun med ſegdum hætti, þvi ecki þar eins oa Veſtfiordum?

§. 8.

§. 8.

Auk ødrum greindra veidar færa, eru enn nokkur, hverra her skal og getid verda, nefnelega:

1) Hin svo kallada Sækkenod, edur Sykke-nod: það er einslags varpa, sem er dregin fyrir upsann kringum sinn-boda þar sem er allra grynst, en ekke nærre landinu: hun er sertan fadmar að lengd og breidd, þettridin að nedan verdu, en med stærre mosk̃vum að ofan, og kliar-steinum ollum megin, og einnig i midiumni, þar straumarnir eru sterkir: til þessarar fiski-veidar þarf fiora batta, sem ødrum var mællt, er roa þangad sem upsinn er vanur að hallda sig að sløgunum, leggia þar notina ut, og hafa eina taug ur hverju horni

horni i hvern bát, lata sidan straumin bera hana flata undir upsann, og draga svo upp aptur: naulegt er thá hverr bátinn til annars, en notin verdur eins og poke, hvar i upsinn verdur fangadur, er thvert ámoti annara fiska edli, kafar til botnsins thó netid se honum audsiáanlegt. En sakir thess menn vita ekke alltid hvar upsinn er fyrir, og iafnframt ad straumurinn er ofugur, já, vill stundum annad nidri i sionum, enn ofan á, thá misfellur opt thessi veidi. Thó kynnu menn einnig ad profa thetta medal, tha svo ber vid ad upsa thvegurnar taka uppi, og ecke er ollu dypra enn tolf fadmar.

§. 9.

§. 9.

2) Silldar-varpa er aa breidd 9. eda 10. fadma, en 80. ad lengd, af spunnum hampi smaaridin.

Pegar Silldin gengur inn aa vikur og fiordu, mætti verda gott gagn ad pessu veidarfære, og er adferdin hin sama eins og pegar dreged er fyrir Silung, utan menn taka dypra til ad draga aa fiordunum. I Norege kemur svo mikid i einu af Sild i vorpuna, ad hun rifnar, en Silldin sleppur ur.

§. 10.

3) Lax-varpan utheimtir kostnadarsaman tilbuning, og par fyrir læt eg hioa lida ad tala par um fleira; en alleina geta pess, ad laxinn veidiz par, sem eitthvert serligt skin edur glampe fellur af lande i sioinn, og ur siallaskordum nidur i aarnar; og par fyrir hafa menn

fund-

fundid uppá ad ginna Laxinn i netin á dagen, annadhvert med Laxab-likinu, pad er uppreistum hvitum bordum, er hann ætlar vatnsfall, edur og blysi, sem borid verdur um árnar á næturnar.

§. 11.

4) Gliip brukaz til ad veida med smá-fisk nærre landinu: er buid pannig til, ad madur tekur mioa sá-giord, festir pettridinn práadar-vorpu-poka i barmana, lætur Sild edur fiorumadk á botninn, og nokkra steina til ad sokkva glipinu nidur med, dregur sidan upp, er pyrsklingurinn er kominn i, og tekinn til ad eta madkinn, med snære, sem bundid er i barmana báadu megin: Se dypra enn 3. edur 4. fadmar, verdur pesse veide ekke ad miklu gagne.

§. 12.

§. 12.

Ad lyktum skal her og greina hverju Norskir beita, og fiskinum þykkir girniligast, sem er: 1) Kræklingur (a). 2) Ódinskeliar (b). 3) Fiskihrogn bundin ca augulinn med hræði. 4) Fiorumadkur (c). 5) Kuskeliar (d). 6) Kvidur af Fiske, þa ekki er annad til, og 7) fyrir Silung og Lax ánamadkur (e). En nu er spursmal, hversu

(a) Linn. Mytilus Animal. Tethys. Testa bivalvis sæpius affixa byssо.

(b) Arca Animal Tethys. Testa bivalvis, æquivalvis. cæt.

(c) Lumbricus marinus.

(d) Linn. Venus animal Tethys. Testa bivalvis, labiis margine antico incumbentibus. Cardo dentibus 3 omnibus approximatis: lateralibus apice divergentibus. Vulva & anus distincta.

(e) Lumbricus terrestris.

hverſu nytſamlegt pad ſe einu lande, ad venia fiſkinn oa ſlika beitu? oA Sel-tiarnar- og oAlftaneſium i Gullbringu ſyſlu veit eg ad peſſe vane er almennur; en par af leidir 1) ad peir ſem bua ytſt oa neſiunum, eyda ſtundum heilum, ſtund-um hoalfum dogum til ad ſœkia Kræk-lingina inn oa fiardar-botnana, og nida bœde ſkinnklœde, ſig og boatinn, enn for-ſoma opt og tidum gott ſio-vedur, po fiſkur ſe nogur fyrir. 2) Verdur fiſkur-inn her vid ſvo vandfiſinn, ad hann tek-ur einga adra beitu ad marki, fyrr enn langt lidur froa; neydaz menn ſvo til ad leita ſinnar atvinnu med greindum hœtte. Sannaz pvi her, ad ſvo er veidi ſem hun er vanin, og adgœtſluverdt hvert ſlikt œtte vid ad gangaz.


Tab. I
Fig. 3
Fig. 1
Fig. 2
Fig. 4
Fig. 5

Tab. II.

Fig. 1

Fig. 2